

Þjóðbrókarbót

2. árg. 1.tbl. 1994

Stjórnarpistill

Þann 4. október var aðalfundur Þjóðbrókar haldinn. Aðalefni hans var að farið var yfir störf félagsins á liðnum vetri, breytingartillögur á lögum félagsins voru samþykktar og ný stjórn kosin.

Nýju stjórnina skipa:

Birna Mjöll Sigurðardóttir formaður

Rakel Pálsdóttir gjaldkeri

Ingibjörg Thorarensen ritari

Þór Hreinsson meðstjórnandi

Markmið okkar er að reyna að gera vetrarstarfið bæði fjölbreytt og skemmtilegt, en til þess að gera það mögulegt er nauðsynlegt að allir séu virkir og taki þátt í þeim uppákomum sem staðið verður fyrir. Í framhaldi af því viljum við minna fólk á að borga ársgjaldið, einungis 1000 krónur, sem fyrst. Því fleiri sem gerast meðlimir Þjóðbrókar þeim mun betri verður fjárhagurinn, og það segir sig sjálft að með meiri fjárráðum verður meira hægt að gera.

Varðandi uppákomur verða þær kynntar jafnóðum, en fastir liðir eins og jólablót og þorrablót verða að sjálfsögðu á sínum stað. Ef þú lúrir á einhverri sniðugri hugmynd sittu þá ekki að henni einn, heldur komdu henni endilega á framfæri við okkur.

Stjórnin

Sumarbústaðarferð

Loksins, loksins, loksins, það sem allir hafa beðið eftir. Helgina 12.-13. nóvember verður farið í hina langþráðu sumarbústaðarferð, haldið verður í glæsilega lúxusvillu í Brekkuskógi. Ætlunin er að leggja af stað um hádegisbil á laugardeginum 12. nóvember, deginum ætlum við síðan að eyða í göngutúr eða eitthvað annað skemmtilegt, en veðrið kemur óhjákvæmilega til með að stjórna því að einhverju leyti. Um kvöldið verður svo kvöldvaka með tilheyrandi draugasögum, söng og öðru glensi, ætlunin er að allir hafi eina, eða fleiri, mergjaðar drauga- eða hryllingssögur í farteskinu. Og fyrir þá sem speningurinn ætlar alveg að gera út af við, er á staðnum heitur pottur sem gott veður að slaka á í að aflokinni taugatryllandi sögustund. Svo verður haldið af stað heimleiðis einhverntímann upp úr hádegi á sunnudeginum. Sennilegast er að farið verði með rútu, en það fer t.d. eftir fjölda þátttakenda og verður upplýst á næstu dögum

Rétt er að taka fram að vínveitingar verða ekki á okkar vegum, en það er sjálfsagt, og að margra mati nauðsynlegt að hafa með sér smádreitil svona rétt til þess að vökva lífsblómið og lyfta andanum á æðra svið. En nóg um það, hér kemur tossalistinn yfir það sem fólk ætti að hafa með sér í ferðina.

- nesti
- svefnpoka
- sundföt
- útiföt sem hæfa veðri
- draugasögu
- söngvatn (fyrir þá sem vilja)
- Söngbækur

Ef einhver í hópnum er svo hæfileikaríkur og giftusamur að kunna á gítar, harmonikku eða munnhörpu þá ætti hljóðfærið endilega að vera með í för.

Fyrir utan matarkostnað er þessi ferð félagsmönnum- og konum algjörlega að kostnaðarlausu. Æskilegt væri að tilkynna þátttöku til okkar sem allra fyrst. Að lokum viljum við hvetja alla sem sjá sér það fært, að koma með, því eins og alkunna er þá er maður manns gaman.

Ýmislegt

Nú er illt í efni, það bráðvantar tvo einstaklinga til að sitja í ritstjórn Lesbrókar, sem er blað þjóðfræðinema, ef þið hafið áhuga þá vinsamlegast látið okkur vita.

Allar nánari upplýsingar um starfið getur Jón Jónsson núverandi meðlimur í ritstjórn veitt ykkur.

Einnig vantar einstakling í starf deildarráðsfulltrúa. Okkur er sagt að það sé hvorki viðamikið né tímafrekt starf og æskilegt er að einhver taki það að sér.

Varðandi frekari upplýsingar um hvað þessi staða felur í sér vísun við á Valdimar Tr. Hafstein.

Eins og í fyrra verður starfandi nemendaráðgjafi í þjóðfræðinni, og hef ég undirrituð tekið það að mér. Ef eitthvað er að vefjast fyrir ykkur varðandi skólakerfið, námið eða námstilhögunina er mér það ljúft að reyna að greiða götu ykkar eins og ég framast get. Ykkur er frjálst að ónáða mig hvenær sem er í skólanum, eða utan hans og er ég þá í síma: 26725.

Rakel Pálsdóttir

Háskólaútlit

Undirbúningur að Háskólaútliti er hafinn og er áætlað að það hefji útsendingar eftir júl. Hefur verið óskað eftir að fulltrúi hversrar deildar taki þátt í undirbúningsstarfinu. Ef enginn hefur áhuga á starfi í nefndinni, væri þó æskilegt að hafa tengilið sem myndi hafa þann starfa að fylgjast með undirbúningnum og skýra öðrum nemendum frá framkvæmdum.

Nánari upplýsingar gefur stjórnin.

Lög Þjóðbrókar Félags þjóðfræðinema við Háskóla Íslands

1. grein

Nafn félagsins er Þjóðbrók og er félag þjóðfræðinema við H.Í. Aðsetur þess er hjá formanni hverju sinni.

2. grein

Markmið félagsins eru:

- a) að gera veg þjóðfræðinnar innan H.Í. sem mestan og vekja fólk til umhugsunar um stöðu þjóðfræðinnar í nútíma þjóðfélagi.
- b) að stuðla að tengslum við þá sem vinna að varðveislu þjóðmenningar og um leið að auka möguleika nemenda á störfum á þessu sviði.
- c) að halda uppi félagsstarfi meðal nemenda í þjóðfræði og um leið að endurvekja þjóðlegar skemmtanir.

3. grein

Til að ná markmiðum sínum skal félagið:

- a) standa að kynningum og rannsóknum á þjóðfræði og taka þátt í félagsstarfi innan H.Í.
- b) kynna þjóðfræðina meðal þeirra sem vinna að varðveislu þjóðmenningarinnar og hvetja nemendur til þátttöku í nemendafyrirtækinu Hástoð.
- c) a.m.k. standa fyrir menningarferðum, þorrablóti og úrgáfu tímarits þjóðfræðinema sem skal að öðru jöfnu koma út að hausti komanda. Því skal dreift frítt til félagsmanna og félagsmanna fyrra árs.

4. grein

Félagsmenn að félaginu eru allir þeir sem stunda nám í þjóðfræði við H.Í og hafa greitt félagsgjöld.

5. grein

Stjórn félagsins skipa 4 nemendur: formaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi og skal minnst einn nýnemi vera í stjórn. Stjórn er kosin á aðalfundi og skal hún kalla aðra félagsmenn til starfa eftir því sem þurfa þykir.

6. grein

Aðalfundur skal kjósa fulltrúa nemenda í námsnefnd, í embætti deildarráðsfulltrúa og í ritnefnd. Berist ekki framboð í þessi embætti er nýrri stjórn falið að finna fólk í þau.

7. grein

Aðalfundur skal haldinn í septembermánuði ár hvert.

8. grein

Stjórn félagsins er falið að ákvarða hæfilegt félagsgjald ár hvert. Þó ekki hærra en sem nemur $1/5$ hluta ærgildis.

9. grein

Æukaaðalfundur skal haldinn, krefjist $2/3$ hlutar félagsmanna þess og hefur hann sömu völd og aðalfundur.

10. grein

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og með samþykki $2/3$ hluta viðstaddra.

Samþykkt á aðalfundi Þjóðbrókar, Reykjavík 4. október 1994

Símaskrá

nemenda í þjóðfræði við Háskóla Íslands

Anna Þrúður Þorkelsdóttir	108 Rvk	Helluland 7	91-812133
Arndís Herborg Björnsdóttir	101 Rvk	Tjarnagötu 10a	91-627263
Árný Þórólfsdóttir	220 Hfj	Sléttuhrauni	91-52449
Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir	101 Rvk	Lokastíg 7	91-19288
Birna Mjöll Sigurðardóttir	270 Mos	Barrholt 26	91-666683
Björg Erlingsdóttir	107 Rvk	Boðagranda 3	91-10558
Daniel Freyr Jónsson	101 Rvk	Eggertsgata 10	91-26697
Elsa Þóra Eggertsdóttir	200 Kóp	Hjallabrekka 24	91-41329
Erla Halldórsdóttir	109 Rvk	Hjallasel 11	91-871619
Guðrún Eyjólfssdóttir	230 Kefl	Krossholt 12	92-12533
Helgi Guðmundsson	220 Hfj	Háahvammi 5	91-53902
Inga Lára Sigurðardóttir	105 Rvk	Snorrabraut 87	91-21450
Ingibjörg Thorarensen	170 Selt	Unnarbraut 19	91-620809
Jón Jónsson	109 Rvk	Leirubakki 6	91-73128
Marteinn Helgi Sigurðsson	105 Rvk	Bogahlíð 13	91-35153
Rakel Pálsdóttir	101 Rvk	Hringbraut 97	91-26725
Rósa Þorsteinsdóttir	101 Rvk	Bárugötu 37	91-627067
Rúna K. Tetzschner	101 Rvk	Bergstaðastræti 71	91-621639
Smári Ólason	210 Gbr	Hrísmóum 11	91-656025
Soffía Richter	200 Kóp	Mánabraut 10	91-42149
Þór Hreinsson	111 Rvk	Kríuhólar 4	91-873669
Valdimar Tr. Hafstein	104 Rvk	Sólheimar 27	91-888702